

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Stykkishólmsbæ.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Víkurhverfi.

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar samþykkti 30. mars 2022 breytingu á deiliskipulagi fyrir Víkurhverfi skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Svæðið sem breytingin nær til er 2,3 ha að stærð og nær til miðhluta hverfisins. Breytingin er til komin vegna mikillar jarðvegsdýptar á hluta skipulagssvæðisins og þörf fyrir fjölgun lóða annars staðar. Meginmarkmiðið með breytingunni er að stuðla að betri landnýtingu með þéttari byggð, auka fjölbreytileika íbúðarkosta, fegra heildaryfirbragð hverfisins, breyta botnlöngum í vistgötur og tryggja gott aðgengi að verslun, þjónustu og útivistarsvæðum.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Stykkishólmi, 21. nóvember 2022.

Jakob Björgvin Jakobsson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 8. desember 2022